

## 088/00 - Sævík GK-257

Sævík GK-257, skipverji slasast þegar plastkar fellur á höfuð hans

### Sævík GK-257

**Skipaskr.nr.:** 0971

**Smíðaður:** í A-Pýskalandi 1965 úr stáli

**Stærð:** 211,44 brl; 303,00 bt

**Lengd:** 34,50 m **Breidd:** 7,20 m **Dýpt:** 6,10 m

**Vél:** Mirrless Blackstone 530,00 kW **Ágerð:** 1983

**Annað:** skipið var yfirbyggt 1991

**Földi skipverja:** 15



Sævík ©Þorgeir Baldursson

### Atvikalýsing

Hinn 21. ágúst 2000 var m.b. Sævík GK-257 að veiðum með línu vestur af landinu. Veður: SSV 3-4 vindstig, sjólitið.

Skipverjar sem voru á vakt voru að slaka niður tómum 450 lítra (rúmtak kars) fiskikörum af efra þilfari (veðurbílfari) og niður í lestina. Um vaktaskiptin kl. 12:30 var einn skipverja sem var að koma á vaktina að ganga eftir aðalþilfarinu og fram hjá afturkanti lestarlúgu þar sem verið var að slaka niður körunum. Að sögn eins skipverja þurfti hinn slasaði að beygja sig og halla sér aðeins út í lúguopið til að komast fram hjá myndavél fyrir innanskips sjónvarpseftirlitskerfi skipsins. Í sömu mund var kari slakað niður af veðurbílfarinu og lenti karið all harkalega á höfði skipverjans.

Skipverjinn hlaut slæman áverka og eftir að skipstjóri hafði ráðfært sig við lækní í landi var skipinu siglt til næstu hafnar og hinum slasaða komið undir læknishendur.

### Við rannsókn kom fram

- að tveir skipverjar voru á veðurbílfari við að koma körunum niður. Stóðu þeir bakborðsmegin við lestarlúgukarminn við að koma körunum niður. Var falurinn sem notaður var til að slaka kari niður þræddur í botn karsins og slakað niður á tvöföldum falnum þannig að hann rann til á festingu á karinu;
- að um var að raða 43 kg þungt kar;
- að slasaði sagðist hafa verið að koma á vakt og farið venjubunda leið í skipinu til vinnu;
- að eftir slysið var myndavél sem var við afturkant lúgukarms færð fram fyrir lúgukarminn;
- að ekki er ljóst hvort þeir sem komu körunum niður í lestina hafi kallað viðvörunarorð til þeirra sem niðri voru um að kar væri á leiðinni;
- að þegar verið var að koma körunum niður var komið að vaktaskiptum og áttu þeir sem voru að ljúka vaktinni að klára verkið;
- að lúguhlerinn opnast til stb.og var ekki opinn til fulls heldur hékk í gilsinum til um það bil hálfss
- að sá sem hélt í falinn, stóð á dekknu aftan við lúguna bb. megin, nokkurn veginn fyrir ofan þann sem varð fyrir karinu á þilfarinu fyrir neðan;
- að fasti endinn á falnum var bundinn í rekkrverk í bb. síðu og lá því um bb. lúgukarminn niður í lestina;
- að lausi endinn rann um greipa skipverjans um aftara bb. horn lúgukarmsins;
- að endinn var þræddur í gegnum efra skíði karsins, hugsanlega hornið;
- að karið byrjar ekki að taka í falinn fyrr en það hefur fallið að minnsta kosti hæð sína

- niður og þá er undir manninum komið hvað vel er haldið í endann (9mm dregna línu);
- að sveifla karsins ógnar einu gönguleið skipverja úr afturskipinu og stakkageymslu til vinnustöðva í framskipi;

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins sé óaðgæsla slasaða og þeirra sem slökuðu körunum niður. Einnig telur hún að staðsetning myndavélarinnar hafi verið með þeim hætti að um slysagildru hafi verið að ræða.